

**Sp.**

**567. Fyrirspurn**

**[268. mál]**

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á söluskatti til erlendra ferðamanna er þeir hverfa úr landi.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hefur ráðherra í huga að notfæra sér nýfengna heimild til að endurgreiða erlendum ferðamönnum söluskatt er þeir hverfa af landi brott? Ef svo er, er undirbúningur hafinn og hvenær er áætlað að hefja endurgreiðslurnar?
2. Hvernig verður staðið að endurgreiðslunni? Verður hún bundin við lágmarksupphæð, tiltekna vörutegundir og hver mun annast greiðslurnar (ríkissjóður eða verslanir)?
3. Hvert er áætlað tekjutap ríkissjóðs af endurgreiðslunni?
4. Telur ráðherra að endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna leiði til aukinnar sölu á íslenskum varningi? Hyggst hann beita sér fyrir sérstakri kynningarherferð af þessu tilefni með það fyrir augum að laða frekar að erlenda ferðamenn?